

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
b.t. Stelli Rúnarsdóttur  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 23. september 2021  
UST202109-081/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Aphóll við Apavatn - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 8. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundasvæði við Aphól í landi Apavatns 2 í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram tillagan nær til 15 frístundalóða en á um helmingi þeirra hefur þegar verið byggt. Svæðið er 27,25 ha að stærð.

#### **Lýsing á svæðinu**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðinu sé lýst og fjallað sé um þær vistgerðir sem eru á svæðinu. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, þar sem finna má vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allar framkvæmdir eigi sér stað utan varptíma.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægi þess að metið sé hver áhrif tillögunnar eru á vistkerfin skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

#### **Vernd**

Umhverfisstofnun vill benda á að Apavatn nýtur sérstakrar verndar skv. a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að auki bendir stofnunin á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Laugarvatn-Apavatn-Brúará er eitt þessara svæða og er tilnefnt vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla en svæðið nær til 100 m verndarjaðars umhverfis Apavatn.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar um Apavatn til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

### **Aðgengi meðfram vatni og á**

Í greinargerð eru byggingarreitir í minnst 50 m fjarlægð frá bæði Apá og Apavatni. Þar segir að leyfilegt sé að endurbyggja þau hús sem nú þegar eru byggð og eru nær vatninu eða ánni en 50 m.

Umhverfisstofnun vill benda á að skv. grein 5.3.2.14. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal utan þéttbýlis ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Það er til að tryggja að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er. Stofnunin vill því benda á að mikilvægt er að aðgengi sé tryggt þar sem hús eru nær ánni en 50 m.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur